

BORGARRÁÐ 28. maí 2020: Tillaga áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um Laugaveg sem göngugötu - R19040106

Lagt er til að borgarráð fái álit/umsögn frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og almannavörnum höfuðborgarsvæðisins hvað varðar þá ákvörðun að loka Laugaveginum frá Frakkastíg að Lækjargötu.

Greinargerð:

Gangi þessar áætlanir eftir er ljóst að aðgengi sjúkrabíla, slökkviliðsbíla og lögreglu verður mjög skert, því meirihlutinn boðar að fjölga eigi mjög útisvæðum fyrir utan veitingastaði á þann hátt að hægt verði að koma fyrir stólum, borðum, blómakerjum og bekkjum á göngugötunni sem til verður. Þessi tillaga snýst um að hægt verði að bjarga mannlífum þegar vá ber að, s.s. bruni, heilsufall, vopnuð rán á opnunartíma verslana- og veitingahúsa og líkamsárása.